

Nd.

338. Nefndarálit

[68. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar sildar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „sjósaltaðrar“ komi: og ísvarinnar.
2. Við fyrirsögn: Á eftir orðinu „sjósaltaðrar komi: og ísvarinnar.
Þessar brtt. eru fluttar að ósk sjávarútvegsmálaráðuneytisins, sbr. bréf, dags. 28. febrúar s.l., sem birt er með nál. þessu sem fylgiskjal.

Alþingi, 10. marz 1969.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr.

Lúðvík Jóseppson.

Pétur Sigurðsson.

Jón Skaftason.

Guðl. Gíslason.

Björn Pálsson.

Fylgiskjal.

SJÁVARÚTVEGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 28. febrúar 1969.

Ráðuneytið fer þess hér með á leit við háttvirta sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, að hún hlutist til um, að eftirgreind breyting verði gerð á frumvarpi til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar sildar af fjarlægum miðum sumarið 1968, en frumvarpi þessu, sem er staðfesting á bráðabirgðalögum, hefur verið vísað til nefndarinnar.

Á eftir orðinu „sjósaltaðrar“ í fyrirsögn og 1. gr. laganna komi orðin „og ísvarinnar“.

Ástæður þessarar óskar ráðuneytisins eru þær, að hinn 2. ágúst s.l. setti ráðuneytið reglugerð um flutning á saltaðri og ísaðri sild, en reglugerð þessi var sett samkvæmt bráðabirgðalögunum. Í 2. gr. reglugerðarinnar er svo hljóðandi ákvæði:

„Úr flutningasjóði er heimilt að verja allt að 3 millj. króna til þess að styrkja flutninga á isvarinni sild af fjarlægum miðum, eða varinni á annan hátt, sem söltunarhæf berst á land. Styrkurinn skal aðeins greiddur fyrir sild, sem veiðt hefur fjær íslenskri höfn en 300 sjómílur, og skal vera kr. 60.00 fyrir hverja uppsaltaða tunnu. Fella skal niður alla flutningastyrki, þegar sildin er komin það nálægt, að hún geti borizt söltunarhæf að landi í veiðiskipum án ísunar.“

Ákvæði þetta var sett samkvæmt tillögum sildarútvegsnefndar og eftir að samtök sildarsaltenda, útvegsmanna og sjómanna höfðu samþykkt, að ákvæði þetta yrði sett í reglugerðina. Er nauðsynlegt til að taka af allan vafa um lögmæti þessa ákvæðis reglugerðarinnar að bæta við orðunum „ísvarinnar“ í fyrirsögn og 1. gr. laganna.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.